

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ, þ.m.t. um hirðu, söfnun og förgun úrgangs.

Markmið samþykktarinnar er:

1. Að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs.
2. Að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs.
3. Að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.
4. Að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum umhverfisáhrifum.
5. Að tryggja öryggi og vinnuvernd starfsmanna sem koma að meðhöndlun úrgangs.
6. Að veita góða þjónustu.
7. Að hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins verði höfð að leiðarljósi og horft verði til úrgangsbrihryningsins, við meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Skilgreiningar.

Aðkomuleið: Vegur sem söfnunartæki er ekið til þess að safna úrgangi.

Aðkomustaður: Svæði sem söfnunartæki á auðvelt með að komast að, til að athafna sig við söfnun úrgangs úr ílátum viðkomandi íbúðarhúsnæðis. Sé aðgengi eða heimreið að íbúðarhúsi ekki aksturshæf færist aðkomustaður söfnunartækis til samræmis við það.

Grenndarstöðvar: Söfnunarstöðvar í Hveragerðisbæ sem taka við flokkuðum úrgangi til endurnýtingar s.s. pappi, pappír, plasti, gleri, málmum, textíl og skilgjaldsskyldum umbúðum.

Hringrásarhagkerfi: Efnahagslegt kerfi þar sem vöruhönnun, framleiðsla, dreifing, neysla og meðhöndlun úrgangs mynda því sem næst lokaða auðlindahringrás.

Heimilisúrgangur: Úrgangur sem flokkast sem:

1. blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textill, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,
2. blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum,
3. en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.

Húsráðandi: Umráðaaðili viðkomandi fasteignar.

Ílát: Móttökuílát undir úrgang. Ílát til heimilisnota eru í stærðunum 120 lítra og 240 lítra. Önnur ílát eru 660 lítra og 1.100 lítra og opnir eða lokaðir gámar í stærðum frá 2 m³ og upp í 36 m³.

Ílát undir blandaðan úrgang: Merkt ílát undir blandaðan úrgang sem ekki er hæfur til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar, þó ekki garðaúrgang eða timbur.

Ílát undir lífúrgang: Merkt ílát undir lífúrgang. Sveitarfélagið auglýsir sérstaklega hvaða úrgang má setja í tunnuna.

Ílát undir pappír og pappa: Merkt ílát undir flokkaðan pappír og pappa.

Ílát undir plast: Merkt ílát undir flokkað plast og plastumbúðir.

Lífúrgangur: Lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, skrifstofum, heildsölum, smásölum, veitingastöðum, mötuneytum og veislubjónustufyrirtækjum, og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

Meðhöndlun úrgangs: Söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi atvinnurekstri.

Rekstrarúrgangur: Úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur.

Söfnunarstöð (gámastöð): Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar, endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðvar.

Söfnunartæki: Ökutæki sem notað er til söfnunar úrgangs úr ílátum.

Þjónustuaðili: Einstaklingur eða lögaðili sem er með, eftir atvikum, staðfesta skráningu til flutnings úrgangs eða starfsleyfi til meðhöndlunar úrgangs samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3. gr.

Umsjón og eftirlit.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar ákveður fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Um meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ fer samkvæmt þessari samþykkt, lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs á sínu svæði og samskiptum við þá aðila sem tengjast þeim viðfangsefnum.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og að farið sé að samþykkt þessari, sbr. 47. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd á tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal vera með staðfesta skráningu eða hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd eða Umhverfis- og orkustofnun eftir því sem við á, sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

4. gr.

Skyldur eigenda fasteigna, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.

Eigendum fasteigna, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarfélaginu ber að meðhöndla úrgang sem samþykktin nær til í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að flokka úrgang við húsnæðið og nota ílát, merkingar og aðferðir sem sveitarfélagið ákveður. Söfnun heimilisúrgangs frá íbúðarhúsnæði fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal. Lögaðilum og/eða eigendum atvinnuhúsnæðis í Hveragerði er skylt að semja við þjónustuaðila um söfnun heimilisúrgangs og er Hveragerðisbæ heimilt að óska eftir staðfestingu um gerð samnings þar um:

Flokka skal úrgang til endurnýtingar eins og kostur er, hvort sem slíkum úrgangi er safnað við húsnæði samkvæmt 5.-7. gr. eða skilað til grenndar-, söfnunar- eða móttökustöðvar samkvæmt 9. gr.

Setja skal allan úrgang sem safnað er við húsnæði í viðeigandi ílát, sbr. 5.-7. gr. Að öðrum kosti er þjónustuaðila heimilt að skilja hann eftir að undangenginni viðvörun/ásamt því að tilkynna húsráðanda um ástæðu þess að úrgangur var ekki hirtur.

Flokkaður úrgangur skal meðhöndlaður þannig að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki. Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktarþægindum, draga til sín meindýr eða skapa óþrifnað.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslaugar bifreiðar, vélar, báta og önnur tæki.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpilát skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

5. gr.

Söfnun heimilisúrgangs.

Hveragerðisbær leggur þeim til ílát fyrir tilteknar tegundir úrgangs sem fá þjónustu sveitarfélagsins við söfnun heimilisúrgangs. Eigandi fasteignar greiðir fyrir ílátið samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins. Þjónustuaðili leggur þeim til sams konar sorpilát sem gert hafa samning við þjónustuaðila um söfnun heimilisúrgangs. Í þessi ílát má aðeins setja heimilisúrgang, en þó ekki rúmfrekan garðaúrgang, gler, mál, textíl eða timbur. Óheimilt er að setja spilliefni í ílátið. Eigandi fasteignar getur óskað eftir stærri og/eða fleiri ílátum eftir þörfum og greiðir þá fyrir það eftir gjaldskrá sveitarfélagsins.

Rúmfrekum garðaúrgangi, timbri, spilliefnum og öðrum sambærilegum úrgangi frá íbúðarhúsnæði skal skila til söfnunarstöðvar sveitarfélagsins, sbr. 7. gr. Einnig má semja við þjónustuaðila um ílát og þjónustu fyrir slíkan úrgang.

Eigandi fasteignar getur óskað eftir að skipta út ílátum fyrir blandaðan úrgang annars vegar og lífúrgang hins vegar í eitt, tvískipt ílát fyrir söfnun á þeim flokkum og greiðir þá fyrir það samkvæmt gjaldskrá. Eigandi fasteignar getur óskað eftir minna íláti fyrir blandaðan úrgang og greiðir fyrir það samkvæmt gjaldskrá. Gæta skal þess að fylla ekki ílát meira en svo að hægt sé að loka þeim og flytja að aðkomustað söfnunartækis. Tilfallandi umframmagn heimilisúrgangs skal fara með á söfnunarstöð sveitarfélagsins, sbr. 9. gr.

Húsráðandi skal halda aðkomuleið greiðri þ.e. hreinsa snjó ef þörf er á, sjá til þess að það sé nóg pláss til að athafna sig og að hundar hindri ekki aðgengi að ílátum. Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar íláta mega ekki hamla losun þeirra.

Sé brotið gegn framangreindum skyldum er heimilt að undangenginni skýrri viðvörun um hvað þurfi að bæta að synja um losun íláta þar til bætt hefur verið úr.

Tapist eða skemmist ílát vegna ófullnægjandi frágangs eða meðferðar skal eigandi fasteignar greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun ílátsins.

6. gr.

Rekstrarúrgangur.

Meðhöndlun rekstrarúrgangs í Hveragerði er á ábyrgð viðkomandi rekstraraðila og skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023. Rekstraraðili getur samið við þjónustuaðila um söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun rekstrarúrgangs, sbr. lög nr. 55/2003, og eftir því sem við á kröfum um geymslur og gerði, sbr. 8. gr. Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsyn getur talist. Rekstraraðili skal sjá til þess að rekstri hans fylgi nægilega mörg ílát. Rekstrarúrgang skal geyma í hentugum og heilum ílátum, sem skal lagfæra eða endurnýja eftir þörfum.

Frágangur og umgengni um ílát svo og flutningur á rekstrarúrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023. Staðsetning gáma vegna rekstrarúrgangs skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Rekstraraðila er einnig heimilt að skila rekstrarúrgangi til söfnunarstöðvar gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Rekstraraðili ber einnig ábyrgð á nauðsynlegri hreinsun nálægs umhverfis.

7. gr.

Flokkun úrgangs.

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs, hvort sem það er sá sem úrgangurinn fellur til hjá eða sá sem hefur hann undir höndum, að færa úrganginn til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða á grenndar-, söfnunar- eða móttökustöð. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilis- og rekstrarúrgang í samræmi við reglur um sérstaka söfnun, sbr. 4. gr. og 6. gr.

8. gr.

Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs.

Ganga skal þannig frá ílátum, sorpgerði og geymslum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgerði og geymslur má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Sé húsráðanda ekki unnt að tryggja að þessi skilyrði séu uppfyllt er heimilt, að undangenginni skýrri viðvörun um hvað þurfi að bæta, að synja um losun íláta þar til bætt hefur verið úr.

9. gr.

Grenndar-, söfnunar- og móttökustöðvar.

Á grenndarstöðvum er tekið á móti tilteknum flokkuðum úrgangi frá íbúum. Rekstraraðilar geta farið með sinn úrgang á söfnunar- og móttökustöðvar gegn gjaldi sem innheimt er samkvæmt gjaldskrá.

Tekið er á móti flokkuðum úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu á söfnunarstöð sem staðsett er á gámasvæðinu í Hveragerði. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangi og uppfylla skilyrði reglugerðar um spilliefni, nr. 806/1999.

Tekið er á móti flokkuðum úrgangi samkvæmt gjaldskrá Hveragerðisbæjar. Í gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 12. gr., eru nánar tilgreindir þeir úrgangsflokkar sem tekið er á móti og það gjald sem tekið er fyrir móttöku og meðhöndlun hvers um sig.

Söfnunarstöð er mönnuð og hefur ákveðinn, auglýstan afgreiðslutíma.

10. gr.

Umgengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja úrgang eftir á víðavangi, götum eða gangstéttum eða opnum svæðum. Sama á við um númerslausa bíla, úr sér gengin ökutæki og sambærilega hluti.

11. gr.

Heimild til frávika.

Í undantekningartilvikum getur sveitarfélagið veitt tímabundna undanþágu frá tilteknum ákvæðum samþykktar þessarar, svo fremi að þær fari ekki í bága við ófrávikjanleg ákvæði laga og reglugerða og stuðli ekki að því að markmiðum samþykktar þessarar verði ekki náð. Rökstuddri beiðni um undanþágu skal beint til skipulags- og umhverfisnefndar.

12. gr.

Gjaldtaka.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar innheimtir gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga nr. 55/2003 svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál og vegna uppsetningar og reksturs nauðsynlegra innviða

Gjaldið skal lagt á hverja fasteign og innheimt í samræmi við gjaldskrá sem sett er samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og sbr. einnig 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

Gjaldið skal vera sem næst raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærra en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu, framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengda starfsemi, sbr. 1. mgr.

13. gr.

Kvartanir, ábendingar og kærur.

Kvörtunum vegna meðhöndlunar úrgangs skal komið á framfæri við skrifstofu Hveragerðisbæjar, þjónustuaðila á vegum Hveragerðisbæjar eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar samþykktar eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1. mgr. 67. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

14. gr.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVIII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. XIII. kafla laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. XIII. kafla laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

15. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 342/2010 um meðhöndlun úrgangs í Hveragerði.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 16. júní 2025.

Trausti Ágúst Hermannsson

Guðmundur Bjarki Ingvarsson

B deild - Útgáfudagur: 1. júlí 2025